



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

4. fundur stjórnar 2025-2026 föstudaginn 5. september 2025

kl. 10.00 - 12.00 í Öskju, N-123 og á Teams

Mætt: Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri var á Teams og ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir stjórnar frá 5. og 16. júní og 22. ágúst lagðar fram til afgreiðslu
2. Stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna
3. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun
4. Sameining akademíks starfsfólks
5. Skipan trúnaðarmannaráðs
6. Vinnufundur stjórnar
7. Út að borða með fyrri og núverandi stjórn
8. Næsti fundur
9. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 10.10.

1. Fundargerðir stjórnar frá 5. og 16. júní og 22. ágúst lagðar fram til afgreiðslu.

Fundargerðirnar voru samþykktar samhljóða. (Fskj. 1a-c)

Rannveig kom inn á fundinn kl. 10.20.

2. Stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna.

Greiningarsjóður háskólafélaganna var stofnaður þann 4. september með undirritun samstarfssamnings FPR, FH, FHA og FÍN. Undirritunin fór fram með formlegri athöfn í Norræna húsinu. Kostnaður hvers félags í verkefninu verður um 70% af framlagi ríkisins í mennta- og fræðslusjóð sbr. kjarasamninga við ríkið. Stofnframlag FPR er 4. m.kr. Unnið er að ráðningu starfsmanns.

3. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun.

Formaður greindi frá því að fólk hafi enn ekki fengið nánari skýringar frá Fjársýslunni varðandi sundurliðun á launaseðlum. Fleiri flækjur hafa komið í ljós og skýringar vantar á þeim. Dæmi er um að röng mánaðarlaun komi fram á launaseðlum. Þá hefur fólk fengið bréf frá skattinum varðandi ofnýtingu persónuafsláttar. Félagið leitaði upplýsinga til Fjársýslunnar sem sagði að það myndi leiðréttast sjálfkrafa innan ársins. Sigrún hefur ítrekað kröfu félagsins um að póstur til félagsfólks með nánari skýringum berist fyrir 15. september nk.

4. Sameining akademíks starfsfólks.

Sigrún átti fund með formönnum FH og FHA um málið. Ákveðið var að stofna starfshóp um sameininguna. FH og FHA verði með þrjá fulltrúa hver og FPR með tvo. Samþykkt var að Sigrún og Kári verði fulltrúar FPR í starfshópnum.

5. Skipan trúnaðarmannaráðs.

Klára þarf skipun trúnaðarmannaráðs félagsins. Það vantar fulltrúa frá heilbrigðisvísindasviði. Sigrún og Zophonías munu fylgja málinu eftir. Fundur með ráðinu verði haldinn þegar búið er að skipa í það.

6. Vinnufundur stjórnar.

Ákveðið var að vinnufundur stjórnar verði í Borgarúni 27 kl. 12-17. Eftir fundinn verði kvöldverður með stjórn, fyrri stjórn og fulltrúum í trúnaðarmannaráði sem eru ekki í stjórn félagsins. Tvær dagsetningar koma til greina, 7. og 14. nóvember. Kannað verði hvor dagurinn hentar flestum áður en dagsetning verður ákveðin.

7. Út að borða með fyrri og núverandi stjórn. Sjá dagskrárlið 6.

8. Næsti fundur.

Formaður lagði til að stjórnarfundir verði skipulagðir á 2ja vikna fresti þar sem mörg verkefni eru í vinnslu sem mögulega þarf að taka afstöðu til. Ef engin brýn mál liggja fyrir verða fundir afboðaðir.

9. Önnur mál.

a) Samstöðufundur 6. september.

Stjórn samþykkti í tölvupósti að styðja BHM vegna samstöðufundar þann 6. september til stuðnings palestínsku þjóðinni. Öll heildarsamtök launþega á landinu taka þátt.

b) Bílastæðamál hjá HÍ.

Rætt var um breytingar á bílastæðamálum hjá HÍ sem tóku gildi 18. ágúst. Ýmis praktísk vandamál hafa komið upp í tengslum við innleiðinguna. Aðgangur að bílastæðum hefur versnað til muna og dæmi er um fólk í áskrift sem á erfitt með að fá stæði. Þá vantar skilti með upplýsingum um breytt fyrirkomulag og að stæðin séu gjaldskyld. Aðgengi að bílastæðum er sérstaklega slæmt þessa dagana vegna Októberfest sem Stúdentaráð HÍ stendur fyrir á túninu fyrir framan Aðalbyggingu. Samþykkt var að Sigrún geri drög að bréfi til HÍ ásamt FH með beiðni um að Stúdentaráð verði með Októberfest á öðrum stað á næsta ári vegna skorts á bílastæðum.

c) Mataraðstaða hjá HÍ.

Rætt var um óánægju með breytingar á mataraðstöðu hjá HÍ. Búið er að semja um afslátt af mat en um fáa staði er að ræða. Starfsfólk skólans getur borðað í Hámu en aðstaðan er ekki góð, skortur er á sætum og viðburðir á svæðinu truflandi. Þá hafa gæði matarins ekki lagast þrátt fyrir loforð þar um. Aðstaðan í Odda var aflögð fyrir nokkrum árum og á Sögu er engin aðstaða þrátt fyrir að kennsla sé hafin og ekki vitað hvenær hún kemur.

Ákveðið var að Sigrún taki málið upp með mannauðsstjóra HÍ í samstarfi við FH.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

Fundarritari: LÞ.